



## ERINDISBRÉF

### Stýrihópur um ljósvistarstefnu Reykjavíkurborgar

#### Ábyrgð:

Skipulags- og samgönguráð

#### Inngangur:

Þann 17. október 2016 var stofnaður þverfaglegur hópur um stefnumótun ljósvistar fyrir Reykjavík.

Hópurinn skipaði:

Ársæll Jóhannsson formaður, skrifstofa framkvæmda og viðhalds.

Edda Ívarsdóttir, samgöngudeild

Jón Kjartan Ágústsson, embætti skipulagsfulltrúa.

Jóhann SD Christiansen, skrifstofu reksturs og umhirðu

Kristinn Jón Eysteinnsson, samgöngudeild

Kristinn Jón Ólafsson, skrifstofu þjónustu og reksturs

Þórólfur Jónsson, skrifstofu náttúru og garða,

Ráðgjafar hópsins voru frá Lisku, Lotu og Verkís.

Hópurinn skilaði af sér drögum af ljósvistarstefnu sem nú á að færa áfram til endanlegrar mótunar sem stýrihópurinn, sem nú er skipaður, vinnur áfram með.

Stefnumörkun þessi felur í sér áherslur borgarinnar í málefnum útilýsingar ásamt meginreglum og viðmiðum fyrir almenna götulýsingu, annarskonar hagnýta lýsingu og einkennislýsingu sem gagngerð er til upplifunar í borgarlandinu.

Stefnumörkunin fjallar um tegundir gatna, stíga og svæða í Reykjavík. Þá er átt við götu- og stígalýsingu, lýsingu á opnum svæðum, völdum áherslusvæðum, kennileitum, göngubrúum og fleira.

Áherslusvæði eru þau svæði sem á einhvern hátt styrkja eða geta styrkt ímynd borgarinnar. Þessi svæði geta verið leyndir staðir inná milli bygginga, framhliðar mannvirkja, almenningsrými, listaverk og fleira sem getur veitt borginni andlitslyftingu eftir myrkur.

Þau stefnuskjöl stjórnvalda sem ljósvistarstefnan byggir einna helst á eru Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Höfuðborgarsvæðið 2040, og Landsskipulagsstefna 2015-2026. Önnur stefnuskjöl sem einnig eru höfð til hliðsjónar eru m.a. Loftslagsstefna Reykjavíkur, Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur, Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Stefnumörkun til 2020, Menningarstefna í mannvirkjagerð og Samgönguáætlun 2015-2026.

#### Hlutverk:

Að leggja fram tillögu að ljósvistarstefnu Reykjavíkur sem gefur heildstæða sýn á hvernig borgin nýtir ljós og myrkur til þess að skapa gæði til handa íbúum og hvaða leiðir skuli fara til að ná þeim.

#### Helstu verkefni:

Stýrihópnum er falið að vinna tillögu að ljósvistarstefnu út frá tillögum þverfaglegs starfshóps um ljósvistarstefnu Reykjavíkur.

#### Stýrihópurinn skipa:

Líf Magneudóttir sem er einnig er formaður, Ólafur Kr. Guðmundsson, Pawel Bartoszek.

#### Starfsmenn stýrihóps:

Embættismenn frá skrifstofu framkvæmda og viðhalds, samgöngudeild og frá embætti skipulagsfulltrúa.



**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Með stýrihópnum starfi eftir þörfum aðrir fulltrúar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, embættis skipulagsfulltrúa, embættis byggingarfulltrúa, skrifstofu sviðsstjóra, skrifstofu framkvæmda og viðhalds og skrifstofa rekstar og umhirðu. Stýrihópurinn geti kallað til ráðgjafa og skal ráðgjöfin greidd af LED væðingu Reykjavíkurborgar.

**Starfstímabil:**

Tillögu um ljósvistarstefnu Reykjavíkurborgar verði skilað til skipulags- og samgönguráðs fyrir 1. september 2019.

Samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs 15. maí 2019.